

**112. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
3. september 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Þórður Guðjónsson varamaður, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1802269 - Heilsueflandi samfélag

Hildur Karen verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags fer yfir stöðu verkefnisins.

Skóla- og frístundaráð þakkar verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags fyrir góða kynningu og hvetur starfshópinn til árangursríkra starfa í veturnum.

2. 1905384 - Samstarf um afþreyingu í vetrarfríum

Kynnt vinna Tómstundateymis Akraneskaupstaðar á stöðu verkefnis um að bjóða afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur í vetrarfríinu í október 2019.

Heiðrún Janusardóttir situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða umfjöllun og hlakkar til að sjá afrakstur verkefnisins.

3. 1902098 - Innritun í grunnskóla 2019

Upplýsingar um fjölda nemenda í grunnskólum Akraneskaupstaðar haustið 2019.

Breytingin á milli ára er þessi, í Brekkubæjarskóla er um 3,4% fjölgun nemenda á milli ára en um 1,4% fækkan í Grundaskóla. Alls fjölgar nemendum um 0,64% á milli ára.

4. 1811110 - Íbúaþing um skólamál

Kynning á væntanlegu íbúaþingi um skólamál þann 2. október nk.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna og lýsir yfir ánægju sinni með vinnu starfshópsins. Ráðið hvetur íbúa til að skrá sig á þingið en fyrirhugað er að opna fyrir skráningu þann 15. september nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Ragnar Sæmundsson –
Bára Daðadóttir

Valgerður Janusdóttir